



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 9/2011

Um rétt umsækjanda um tengingu talsíma við Sæból að Hvallátrum

I.

Erindið

1.

Þann 19. september 2010 barst Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) erindi frá eigendum jarðarinnar Sæból að Hvallátrum, 451 Patreksfirði, þess efnis að stofnunin hlutist til um að Míla tengi síma í húsið Sæból sem sé skráð lögbylí.

Með erindinu fylgdu afrit af tölvupóstsamskiptum við Mílu, þ.á.m. tölvupóstur, dags. 14. september 2010, þar sem Míla tilkynnir kvartanda að fyrirtækið hafi ekki á áætlun að leggja þau sambönd sem til þarf vegna gríðarlegs kostnaðar auk þess sé enginn skráður með lögheimili að Sæbóli. Jafnframt upplýsir fyrirtækið að það hafi ekki upplýsingar um áætlanir farsímafyrirtækja um uppsetningu farsímasenda á svæðinu. Þá tiltekur Míla að ef lögheimili verður fært að Hvallátrum þá sé ákveðið þak á alþjónustukvöð Míla, fari kostnaður við lagningu á heimtaug yfir 650.000 þá lendi sú viðbót á notanda.

II.

Málsmeðferð

1.

Undir rekstri málsins óskaði PFS eftir upplýsingum frá Mílu um áætlaðan kostnað við að tengja talsíma að Hvallátrum. Í svari Mílu kom m.a. fram að þeir jarðsímastrengir sem séu á svæðinu séu fullnýttir. Kostnaður við endurlögn yrði tæpast undir 17 milljónum. Ef sett yrði upp radíósamband milli Hænuvíkurháls og Bjarnarnúps, en frá honum sést niður í Látravík yrði áætlaður stofnkostnaður um 12 milljónir.

Með hliðsjón af ofangreindu svari Mílu sendi PFS bréf til kvartanda, dags. 28. janúar 2010, þar sem m.a. farið var yfir réttindi og skyldur umsækjanda um talsíma s.s. tegundir alþjónustu, þær takmarkanir sem eru á réttindum notanda o. fl. Í lok bréfs PFS sagði eftirfarandi:

„Samkvæmt ofangreindu verður ekki séð annað en að Mílu beri að verða við beiðni um aðgang að talsímanetinu. Ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt af yðar hálfu:

1. Að lögheimili sé skráð að Sæbóli og að gefin verði yfirlýsing um fasta búsetu í a.m.k. eitt ár, sbr. a-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu.
2. Að fyrir liggi ótvíræð skuldbinding af yðar hálfu um að áður en farið verður í framkvæmdir, að kostnaður Mílu sem tilfelltur vegna heimtaugarinnar sem er yfir kr. 650.000- (án vsk.), verði greiddur.

Framangreind niðurstaða byggir á skilningi PFS á þeim lagaákvæðum sem koma til álita. Ef einhverjar athugasemdir eru af yðar hálfu er þess óskað að þær berist stofnuninni fyrir 11. febrúar n.k.“

2.

Athugasemdir kvartanda bárust með tölvupósti, dags. 11. febrúar s.l. Telur kvartandi að verið sé að fæla hann frá því að leita réttar síns með einhverjum ofurtölum og ekki sé hægt að ætlast til að hann beri allan kostnað af að endurnýja hálfónýtan kapal sem liggi víða ofanjarðar jafnframt sem samband um hann sé mjög lélegt. Einnig er vakin athygli á að nú hafi 6 rétthafar síma á svæðinu og spurt hvort þeirra síma verði bara lokað og símasamband þar með aflagt á svæðinu. Þá vakti kvartandi athygli á hugsanlegum öðrum lausnum um hvernig hægt er að koma á talsímatengingu við Sæból sem og því að hægt væri að setja upp GSM senda sem gætu leyst málið og um leið tryggt öryggi þeirra 25-30 þúsund manna sem færu þarna um á hverju ári.

3.

Athugasemdir kvartanda voru sendar Mílu með tölvupósti þann 14. febrúar 2010. Svör Mílu bárust með bréfi, dags. 3. mars 2011, þar segir:

„Kvartandi æskir þess að fá tengingu talsíma við Sæból á Hvallátrum og virðis byggja kröfu sína á því að hann eigi rétt á því á grundvelli laga um alþjónustu. Eins og fram hefur komið í máli þessu var Míla útnefnt fyrirtæki með alþjónustuskyldu í ákvörðun PFS nr. 25/2007 að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið.

Alþjónustukvöð felur það í sér að útnefnt fyrirtæki skal verða við öllum sanngjörnum beiðnum um alþjónustu. Í framangreindri ákvörðun segir að allar beiðnir notenda um aðgang að almenna talsímakerfinu og aðgang að gagnaflytningi með allt að 128 kb/s flutningsgetu skuli skoða sem sanngjarnar af hálfu alþjónustuveitanda ef áætlaður kostnaður fer ekki yfir 650.000 kr. án vsk. á hverja tengingu og umsækjandi samþykkir að greiða stofngjöld samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitanda. Jafnframt segir að ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000 kr. skuli alþjónustuveitandi verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000. kr. og stofngjald.

Í bréfi PFS til kvartanda dags. 28. janúar 2011 er vísað til þessara skilyrða varðandi aðgang kvartanda að alþjónustu sem í þessu tilviki felur í sér að leggja nýja línu að Sæbóli.

Eins og fram hefur komið af hálfu Mílu er kostnaður við tengingu Sæbóls að Hvallátrum langt umfram 650.000.- kr. viðmiðið. Kvartandi hefur ekki lýst því yfir að hann samþykki greiðslu umframkostnaðar við lagninguna þvert á móti virðist hann telja að hann eigi ekki að greiða þann kostnað. Þá uppfyllir kvartandi ekki heldur skilyrði um lögheimili að Sæbóli. Bent er á að til þess að flytja megi lögheimili til tiltekins staðar þarf að uppfylla skilyrði laga nr. 21/1990 um fasta búsetu.

Af framangreindu er ljóst að mati Mílu að kvartandi uppfyllir ekki skilyrði þess að fá tengingu að Sæbóli á grundvelli ákvæða fjarskiptalaga um alþjónustu. Komi til þess að kvartandi flytji lögheimili sitt að Sæbóli í Hvallátrum, enda séu þá uppfyllt skilyrði laga nr. 21/1990 m.a. um fasta búsetu, þá mun Míla skoða beiðni hans í ljósi þess hvort kvartandi muni samþykkja greiðslu alls umframkostnaðar við tenginguna og leggja fram fullnægjandi greiðslutryggingar.“

4.

Með tölvupósti, dags. 17. mars voru sjónarmið Mílu sent kvartanda og honum gefið tækifæri til að tjá sig um umsögnina. Með tölvupósti, dags 1. apríl 2011 bárust viðbótar athugasemdir. Mótmælir kvartandi því m.a. að kostnaður sé eins mikill og Míla heldur fram og telur jafnfram óeðlilegt að sá aðili sem ber skylduna geti sett fram slíkar tölur sem séu til þess eins fallnar fæla sig frá því að setjast að á viðkomandi stað.

Hvað varðar hugsanlegan flutning á lögheimili þá sé ekki gott að þurfa að fara að hringla með það ef ekki er hægt að fá lögboðna þjónustu á þeim stað sem ætlunin er að búa á. Undir lok athugasemdanna gefur umsækjandi hins vegar eftirfarandi yfirlýsingu „...og ég lýsi því hér með yfir að ég og fyrirtæki mitt muni eiga lögheimili á Sæbóli ekki bara í 1 ár heldur miklu fleiri svo framarlega að ekkert komi uppá sem geri það að verkum að ég geti ekki staðið við það.“

Einnig bendir kvartandi á að c-liður 2. mgr. 6. gr. geti einnig átt við í hans tilviki þ.e. ef sýnt er fram á að sími sé nauðsynlegur til að tryggja öryggi almennings.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 19/2003 eiga allir notendur, óháð staðsetningu, rétt til alþjónustu, með þeim undantekningum sem greinir í 2. og 4. mgr.

Sú undantekning sem fjallað er um í 2. mgr. kemur ekki til álita hér.

Í 4. mgr. 19. gr. er hins vegar vikið að því að sjái fjarskiptafyrirtæki sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til ákvörðunar.

Í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007, er í 1. mgr. 6. gr. fjallað um að PFS skuli skylda a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki til að verða við öllum sanngjörnum umsóknum um aðgang að almennu fjarskiptaneti um nettengipunkt. Í dag ber Míla þessa skyldu, sbr. ákvörðun PFS nr. 25/2007.

Í 2. mgr. 6. gr. er síðan fjallað um réttindi þess aðila sem sækir um tengingu við almenna fjarskiptanetið. Þannig skal fjarskiptafyrirtæki verða við beiðni um aðgang ef lög er til staðar á þeim stað þar sem tengingar er óskað. Sú aðstaða er hins vegar ekki fyrir hendi í þessu máli.

Ef engin lög er til staðar skal verða við beiðni um tengingu fyrir heimili ef umsækjandi hefur sýnt fram á að hann eigi lögheimili á viðkomandi stað og gefið út yfirlýsingu um að hann hyggist eiga þar fasta búsetu í a.m.k. 1. ár eftir að umsókn hefur verið lögð inn, sbr. a-

liður. 2. mgr. 6. gr. Í b-lið er fjallað um hliðstæð skilyrði og í a-lið að því er varðar tengingu fyrir lögaðila.

Að mati PFS fellur beiðni kvartanda um tengingu undir a-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

2.

Sanngjörn beiðni

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu skal skylda a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki til að verða við öllum sanngjörnum beiðnum um aðgang að almenna fjarskiptanetinu um nettengipunkt. Með ákvörðun PFS nr. 25/2007 var umrædd skylda felld á fjarskiptafyrirtækið Mílu. Einnig var kveðið á um það að allar beiðnir sem ekki fælu í sér kostnað umfram kr. 650.000.- fyrir Mílu skyldi skoða sem sanngjarnar. Ef kostnaður væri hins vegar meiri en 650.000.-, skyldi kostnaðurinn borinn af umsækjanda.

Vegna jafnræðissjónarmiða eru sömu viðmiðunarmörk lögð til grundvallar við endurnýjun á eldri tengingum. Í málinu liggur fyrir að af hálfu Mílu að þeir strengir sem eru á svæðinu séu fullnýttir og að endurlögn myndi tæpast kosta undir 17 milljónum. Ekki er hins vegar gerð tilraun til að einangra þann kostnað sem félli til að því er varðar tengingu að Sæbóli. Í ákvörðun PFS nr. 25/2007 er skýrt kveðið á um að einungis skuli taka með kostnað sem hægt er að tengja beint við umsókn umsækjanda, sjá nánar kafla 3.2. í ákvörðun PFS.

PFS telur að svo stöddu að ekki séu lagaskilyrði til að skylda Mílu til að sundurgreina þennan kostnað frekar. Enda liggur fyrir að Míla muni taka umsögn umsækjanda til skoðunar ef skilyrði lögræðislaga um lögheimili og fasta búsetu er uppfyllt. Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu þess kostnaðar og/eða skyldu til að taka þátt í þeim kostnaði sem til fellur væri hægt að bera hann undir Póst- og fjarskiptastofnun.

3.

Um skráningu lögheimilis

Fyrir liggur að umsækjandi er ekki með skráð lögheimili að Sæbóli. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu er það óundanþægt skilyrði að umsækjandi skuli sýna fram á að hann eigi lögheimili á viðkomandi stað og því til viðbótar skal hann gefa út yfirlýsingu um að hann hyggist eiga þar fasta búsetu í a.m.k. eitt ár eftir að umsókn er lög fram. Skilyrðið um að einstaklingur sé með skráð lögheimili tengist áskilnaði um að beiðni um tengingu þurfi að vera *sanngjörn*. Út frá almennum sanngirnisjónarmiðum þykir það ekki vera réttlætánlegt að leggja kvöð á alþjónustuveitanda að koma fyrir tengingum á fleiri stöðum en ætla megi að fólk almennt búi.

Samkvæmt 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsfundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að engin geti átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað og 2-6. mgr. sömu greinar er gefnar leiðbeiningarreglur um hvað teljist föst búseta í skilningi laganna og í 11. gr. lögheimilislaga er kveðið á um hverjir geta átt aðild að ágreiningsmáli um hvort og þá hvar rétt sé að skrá lögheimili.

Með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum sem og atvikum máls er ljóst að það er ekki sjálfgefið að umsækjandi eigi rétt til að skrá lögheimili sitt að Sæbóli. Að mati PFS er því rétt að umsækjandi láti reyna á þann rétt sinn fyrir þar til bærum aðilum áður en leyst verður úr

hugsanlegum ágreiningi varðandi skiptingu kostnaðar sem fer fram úr þeim 650.000 kr. sem Mílu er skylt að bera.

3.

Önnur atriði

Í athugasemdum kvartanda er m.a. vikið að því að hægt sé að setja upp GSM samband til að leysa málið. Farsímaþjónusta með GSM tækni er ekki hluti af alþjónustu, sbr. 1. og 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Auk þess sem það er ekki á forræði Mílu að taka ákvörðun um uppbyggingu farsímaþjónustu á svæðinu. Með vísun til þess á umsækjandi ekki rétt til þess að leyst sé úr símasambandsleysi á staðnum með uppsetningu GSM farsímasambands.

Þá verður ekki talið eins og hér stendur á að umsækjandi geti byggt rétt á c-lið 2. mgr. 6.gr. reglugerðar um alþjónustu.

Ákvörðunarorð

Umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði a-liðar 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. [1356/2007] um að eiga skráð lögheimili að Sæbóli Hvallátrum. Af því leiðir að Mílu er ekki skylt að svo stöddu að verða við beiðni um aðgang að almenna fjarskiptanetinu um nettengipunkt.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 5. apríl 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson